

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

10. breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2018 10. breytingu á deiliskipulagi fyrir Hellisheiðarvirkjun samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan tekur til jarðhitagarðs sem reisa á innan skipulagssvæðis norðan við stöðvarhús virkjunarinnar.

Breytingin felst í því að stækka skipulagssvæði virkjunar á Hellisheiði til norðvesturs meðfram Búrfellslínu og Sogslínu. Svæðið sem stækkunin nær til er um 131 ha. Með stækkun skipulagssvæðisins er verið að fullnýta skilgreint iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Jarðhitagarðinum er ætlað að vera umgjörð um fjölbreytta starfsemi sem stuðlar að sem bestri nýtingu afurða Hellisheiðarvirkjunar, jákvæðum umhverfisáhrifum og verðmætasköpun. Innan svæðisins verður mögulegt að byggja upp jarðhitagarð á skilgreindum lóðum í samræmi við skilmála sem settir verða um fyrirhugaða uppbyggingu. Skipulagið tekur á afmörkun lóða, byggingarreitum, byggingarskilmálum, umhverfisfrágangi, veitumálum, samgöngumálum og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir 46 nýjum lóðum á þremur svæðum. Aðkoman verði um þjónustuveg sem liggur meðfram Sogslínu 2.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið og málsmeðferðina og kom með ábendingar sem brugðist var við og uppdráttur og greinargerð lagfærð.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 6. júlí 2018.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2018